

5. gr.

Í lánssamningum er þó heimilt að miða við hlutabréfavísitölu, innlenda eða erlenda, eða safn slíkra vísitalna, sem ekki mæla breytingar á almennu verðlagi. Um lánstíma gilda ákvæði 1. mgr. 4. gr. og tæknileg útfærsla í skuldaskjölum fer eftir 2., 3. og 4. mgr. 4. gr. eins og við getur átt.

IV. Gildistaka o.fl.

6. gr.

Reglur þessar eru settar með tilvísun til ákvæða VI. kafla laga nr. 38 frá 26. maí 2001, og öðlast gildi 1. júlí 2001, og falla þá jafnframt úr gildi reglur Seðlabanka Íslands um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár o.fl. nr. 879 frá 17. desember 1999.

7. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú segir í lánssamningi, innláns-skilríki eða öðrum gerningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku reglna þessara, að fjárhæðir breytist með reikningsgengi SDR eða evru sem Seðlabanki Íslands reiknar út og birtir og skal þá í hverjum mánuði miðað við opinbert viðmiðunargengi evru eða SDR (kaupgengi) skv. 19. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, á 21. degi undanfarandi mánaðar. Nú er gengi ekki skráð á 21. degi mánaðar og skal þá lagt til grundvallar það kaupgengi er skráð var næst á undan þeim degi. Óheimilt er að taka við innlánnum á reikninga sem stofnaðir hafa verið með fyrrgreindum kjörum fyrir gildistöku reglna þessara.

Reykjavík, 21. júní 2001.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísleifur Gunnarsson.

Eiríkur Guðnason.

Finnur Ingólfsson.

GJALDSKRÁ**fyrir hundahald í Húnaþingi vestra.**

1. gr.

Af hundum í Húnaþingi vestra skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. staflíð b í 2. gr. samþykktar nr. 167/2000 um hundahald í Húnaþingi vestra.

2. gr.

Við skráningu hunda skal greiða leyfisgjald að upphæð kr. 3.000 á hvern hund og síðan árlega fyrirfram.

Gjalddagi skal vera 20. febrúar ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

Undanþegnir ofangreindu gjaldi eru þarfahundar á lögbýlum sem og hundar sem notaðir eru til leitar og björgunarstarfa og hundar sem að læknisráði eru notaðir til aðstoðar blindu fólki eða fötluðu.

3. gr.

Af þarfahundum á lögbýlum skal innheimta hundahreinsunargjald samkvæmt áföllnum kostnaði hverju sinni.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 6. desember 2000, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, sbr. samþykkt heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra 2. maí 2001, öðlast þegar gildi.

Hvammstanga, 10. júní 2001.

Brynjólfur Gíslason sveitarstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra er samþykkt í sveitarstjórn Húnaþings vestra með vísan til samþykktar nr. 197/2000 um söfnun og förgun úrgangsefna í Húnaþingi vestra.

2. gr.

Sorphirðugjald fyrir árið 2001 er sem hér segir:

Sorphirðugjald á hvert íbúðarhús í þéttbýli kr. 7.500 á hverja sorptunna.

Sorpeyðingargjald á hvert íbúðarhús/sumarbústað í dreifbýli kr. 2.300.

Sorphirðu/sorpeyðingargjald á fyrirtæki; hlutfallslegt, byggt á gjaldskrám fyrir heimilis-sorp miðað við fjölda sorptunna sem fyrirtækið þyrfti á að halda skv. reynslu og mati yfirmanns tæknideildar Húnaþings vestra.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 14. desember 2000, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, sbr. samþykkt heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra 2. maí 2001, öðlast þegar gildi.

Hvammstanga, 11. júní 2001.

Brynjólfur Gíslason sveitarstjóri.